Gjörðabók byggingarnefndar-
Lýtingsstaðahrepps
Skagafjarðarsýslu

10150

Árið 1975 mánudaginn 21. júlí kom bygginganefnd Lýtingsstaðahrepps saman til fundar í félagsheimilinu Árgarði. Einnig mættu á fundinum byggingafulltrúi Skagafjarðarsýslu Ingvar Gýgjar Jónsson og oddviti hreppsins Marinó Sigurðsson.

1. Byggingafulltrúi lagði fram og útskýrði byggingasamþykkt fyrir skipulagsskilda staði, benti hann á ýmis atriði, sem getið er um í byggingasamþykktinni, t.d. um skipun bygginganefnda, verksvið þeirra og mikilvægi þess að allar teikningar liggi fyrir þegar leyfi eru veitt þar á meðal rafmagnsteikningar. Þá taldi byggingafulltrúi að ef byggt er á byggingum án leyfis bygginganefndar yrði þegar í stað að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma því í lag, taldi það mikilvægt vegna eigendaskipta í framtíðinni og eins ef byggendur ætla síðar að fá lán út á framkvæmdina og til að fullnægja byggingasamþykktinni

2. Þá voru teknar til afgreiðslu umsóknir, sem borist hafa byggingarnefnd frá væntanlegum byggendum á skipulagssvæði hreppsins ~~hjá~~ á Steinsstöðum, en þeir eru Heiðmar Jónsson, Pétur Sigmundsson og Kristján Kristjánsson. Ekki lágu fyrir allar teikningar sem tilskildar eru af þeim húsum, sem þegar var ákveðið að reisa, og samþykkti nefndin að afhenda ekki leyfi fyrr en jafnóðum og allar teikningar liggja fyrir.

Fleira ekki tekið fyrir
fundargerð upplesin.

Arnór Sigurðsson Ingvar Grímar Jónsson
Kristján Guðmundsson
Friðrik Ingólfsson
Þráinn Eymundsson

Byggingarleyfi:

Byggingarnefnd Lýtingsstaðahrepps hefur veitt Stefáni Eiríkssyni Eyrarlandsveg 8 Akureyri leyfi til að staðsetja sumarbústað í landi Laugarhvamms, sunnan áður byggðrar sundlaugar.

Laugarhvammi 24/8 1975

Kristján Guðmundsson

Friðrik Ingólfsson

Sunnudaginn 26. júní 1977, kom byggingarnefnd Lýtingsstaðahrepps saman til fundar að Laugarbóli. Í nefndinni eru Kristján Guðmundsson Stórhóli, Friðrik Ingólfsson Laugarhvammi og nýkjörnir af hreppsnefnd þeir Eymundur Þórarinsson Saurbæ, Hjálmar Guðjónsson Tunguhálsi og Marinó Sigurðsson Álfgeirsvöllum, voru þeir kosnir, einn vegna forfalla Þórarins Eymundssonar, en ~~hinir~~ vegna skipulagsskyldu hreppsins, sem ~~samþykkt~~ staðfest ~~var~~ var með bréfi frá skipulagsstjóra ríkisins d. s.

Hjálmar Guðjónsson mætti ekki á fundinum og mætti enginn varamaður í hans stað, aðrir aðalmenn nefndarinnar voru mættir.
Fyrir fundinum liggur að afgreiða umsóknir um staðsetningu og byggingarform ~~nokkurra~~ útihúsa á nokkrum jörðum í hreppnum. Bílskúra á Lækjarbakka 9–11 og 13 og íbúðarhús á Kirkjuhóli.

1. Byrgisskarð: Fjárhús samkvæmt teikningu frá Byggingastofnun landbúnaðarins nr. 20–2901, og samþykkti nefndin framkvæmdina án athugasemda

2. Stekkjarholti: Haughús og stækkun á fjósi fyrir allt að 12 kýr ásamt kálfa plássi. Teikning frá Byggingastofnun- liggur fyrir, sem nefndin getur samþykkt en er ekki að fullu frá gengin.

3. Árnes: Þurheyshlöðustækkun; teikning frá Byggingastofnun landbúnaðarins nr. 30–2687, Nefndin samþykkir framkvæmdina án athugasemda.

4. Laugarmýri: bílskúrsstækkun, byggður við enda á áhaldageymslu og samhliða trésmíðaverkstæði. Nefndin veitir leyfi til framkvæmdanna.

5. Hvíteyrar: fjós yfir 36 kýr ásamt lausgönguplássi við áðurbyggða hlöðu teikning nr. 10–2831 frá Byggingastofnun landbúnaðarins. nefndin samþykkir framkvæmdina

6. Héraðsdalur: Þurheyshlaða, stálgrindahús á steinsteyptum grunni, teiknuð af vélsmiðjunni Héðni. Byggingarnefnd

hefur komið við staðsetninguna og teikn-
ingar og veitir leyfi fyrir framkvæmd-
inni.

6. Saurbæ: Vélageymsla staðsett norðan við íbúðarhús. Samþykkt leyfi fyrir framkvæmd-inni.
7. Varðandi Lækjarbakkaveg var samþykkt að leita álits Péturs Pálmasonar um þakform og stærð á bílskúrum við Lækjarbakkahúsin.

8. Nefndin veitir leyfi fyrir að byggja íbúðarhús á Kirkhóli samkvæmt teikningu nr. 01-3233 frá Byggingarstofnun landbúnaðar-ins, en tekur ekki afstöðu til staðsetn-ingar hússins fyrr en hún getur komið á staðinn og sett um staðsetninguna við byggjanda ~~hússins~~.

Fleira ekki fyrir tekið
fundi slitið

Marinó Sigurjónsson
Eymundur Jóhannsson
Kristján Guðmundsson
Friðrik Ingólfsson

Mánudaginn 27 júní 1977 kom
byggingarnefnd Hjaltastaðahrepps
saman til fundar að Kirkhóli.
Hjálmar Guðjónsson mætti ekki á
fundinn og engin varamaður fyrir hann.
Fyrir fundinum lá að ath. stað
fyrir íbúðarhúsbygginguna samkv. því
sem greint er í síðustu fundargjörð.
Að athuguðu máli samþykkti nefndin
byggingarstað íbúðarh. á Kambhúshóli
sem er austur af fjárhúsunum, með
þeim fyrirvara að Vegagerð ríkisins,
Samgöngumálanefnd sýslunefndarinnar
og sveitarstjórn Hjaltastaðahrepps
samþ. að veita fé til lagningar
vegar að íbúðarhússtæðinu, en
lengd hans verður um 460 m.
Gísli Felixson umdæmisverkstjóri
kom á staðinn og skoðaði aðstæður
ásamt nefndinni.
Samkvæmt 7 lið síðustu fundargjörðar
var samþykkt að bílskúrarnir verði
byggðir með flötu þaki með halla
til suðurs og að framhlið þeirra
verði alltað 50 cm vestan við vesturbrún
norðurdyra íbúðarhúsanna. Teikningar

hafa ekki enn verið lagðar fram af
bílskúrunum. Krafist er að steypti-
kantar verði ~~að verðan~~ upp fyrir
þak skúranna nema að sunnan.
Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið

Magnús Sigurðsson   Ingvar [illegible] Jónsson
Friðrik Ingólfsson
Eymundur Þórarinsson
Kristján Guðmundsson

Föstudaginn 8-7 1977 kom
Byggingarnefnd Lýtingsstaðahrepps
saman að Álfgeirsvöllum til
fundar. Fyrir fundinum lá þessi
mál 1. Staðsetning hlöðu á
Álfgeirsvöllum, samkvæmt fyrirliggjandi
teikningu Nr 20-2751.
Samkomulag hefur orðið um
staðar val.
2. Athugaðar voru teikningar
sem að lagðar hafa verið fram
frá Gísla Ingólfssyni Litladal
af stálgrindahúsi nr 994-22
(Heata) ~~sem~~ fyrirhugað er að byggja
norðaustan Íbúðarhús og miðast
staðsetning við að væntanleg
hús komi ekki vestar en
skúr norðan Íbúðarhús
fleira ekki fyrir tekið

Kristján Guðmundsson

Eymundur Þórarinsson
Kjartan Björnsson

Fimmtudaginn 21/9 1978 kom
byggingarnefnd Lýtingsstaðahrepps, saman
til fundar í Steinsstaðaskóla, kl $14^{00}$.
Fyrir fundinum lágu þessi mál
a. Umsóknir um byggingaleyfi
b. önnur mál
Mættur var byggingafulltrúi Ingvar Gýgjar Jónsson.
Fyrst var fyrir tekin umsókn Sigm. Magnússonar
á Vindheimum um leyfi fyrir votheyshlöðu
sem verður sambyggð fjóshlöðunni, samkv. teikn.
nr 30-3153 frá B.L. og var umsóknin samþykkt.

Umsókn frá Borgari Símonarsyni Goðdölum
um byggingaleyfi fyrir hlöðustækkun, samkv.
teikningu nr. 30-2786 frá B.-L og var
umsóknin samþykkt.

Umsókn frá Sigurði og Sigmundi Sigurðssonum
um byggingaleyfi fyrir fjárhúsi með áburðarkjallara
í Hérastsdal, samkv. teikningu nr 20-2953.
frá B.L. Leyfið samþykkt með nýrri teikningu
nr 20-3369 frá B.L.

Umsókn frá Margeiri Björnssyni Melifellsá
um þurrheyshlöðu samkv. teikningu
nr. 30-3377 frá B.L. Leyfið samþykkt.

Umsókn frá Þorsteini Björnssyni Kolgröf
um byggingaleyfi fyrir þurrheyshlöðu og fjárhúsi / samkv.
teikn. nr. 20-3188-III frá B.L. Leyfið samþ.

Umsókn frá Eymundi og Herði Þórarinssonum
Saurbæ, um byggingaleyfi fyrir hlöðu haugh. og fjár-
samkv. teikningu nr. 10-3071. frá B.L (stöðlum
Leyfið samþ.

Umsókn frá Eymundi Þórarinssyni Saurbæ um
leyfi fyrir vélageymslu samkv. teikn. nr.
60-3007 frá B-L Leyfið samþ.

Umsókn frá Guðm. Ó. Guðmundssyni, ~~fyrir~~ hönd
Vindheimamela s.f. um leyfi fyrir húsi,
sem hefir að geyma vatnssalerni og snyrtingar
karla og kvenna, á jörðinni Vindheimum
samkv. teikningu ~~[illegible]~~ frá Steingrími Th. Þorleifssyni
Ármúla 5 R-vík. Leyfið samþykkt.

Umsókn ~~um~~ frá Indriða Stefánssyni Álfgeirsvöllum
um leyfi fyrir kúr- og votheyshlöðu samkv.
teikn nr. 30-3030 frá B-L Leyfið samþ.

Umsókn frá Felix Antonssyni Ljósalandi um
leyfi fyrir bílskúr, sem yrði bogaskemma 5x8 m
á steyptum grunni 1 m. á hæð. Leyfið samþ.

Umsókn frá Indriða Jóhannessyni um leyfi
fyrir vélageymslu samkv. teikningu
nr. 60-3387 frá B.L. Leyfið veitt með þeim
fyrirvara að teikningu verði breytt þannig
að þakhalli verði ~~á~~ II til sömu áttar og
íbúðarhúss.

Umsókn frá Guðmundi Elíssyni Hafgrímsstöðum
um leyfi fyrir vélageymslu samkv. teikn.
nr. 60-2570 frá B.L Leyfið samþykkt með
þeim fyrirvara að fyrir liggi burðarþolsteikning
áður en framkvæmdir hefjast.

Umsókn frá Arnljóti Sveinssyni Ytri-Mólifellsá um byggingaleyfi fyrir Mjólkurhúsi 35 m2 samkv. með fylgjandi rissi. Leyfið samþykkt.

Umsóknir um fleyri byggingaleyfi lágu ekki fyrir og var þá tekinn fyrir næsti liður á annars mál. Ingvar Gýgjar minnti á að leyfi til byggingar sumarbústaðar væri háð leyfum frá jarðanefnd sýslunnar og sveitarstjórn.
Hann ræddi um afgreiðir bygginganefndar í þeim tilfellum er fram kvæmdir hefjast áður en tilskilin leyfi og teikningar liggja fyrir. Málið rætt um stund og ýmsar afgreiðir og leiðir ræddar, engin samþykkt gerð
Ingvar gat um strangari kröfur Stofnlánad. varðandi frágang bygginga til úttektar vegna lántöku
Rætt var um bygginga lög og starfssvið bygginganefnda. Fleyra ekki fyrir tekið.
fundi slitið með samþykkt fundargerðar.

Marinó Sigurðsson Kristján Stefánsson
Ingvar Gýgjar Jónsson
Sigurður Sigurðsson
Ögmundur Þórarinsson
Kjartan Björnsson

Árið 1979 hinn 25 júlí á miðvikudag kom byggingarnefnd Lýtingsstaðahrepps, saman til fundar í Steinsstaðaskóla.
Auk nefndarmanna var mættur byggingarfulltrúinn í N-V. Ingvar Gýgjar Jónsson.

1. Fyrst var tekin fyrir og afgreidd umsókn um byggingarleyfi frá Kjartani Björnssyni Krithóli dags. 13.04.78, um stækkun á íbúðarhúsi á Krithóli
Byggingastofnun Landb. hefur samþykkt uppdrátt af þessari stækkun og er hann dags. 10.05.78.
Nefndin samþykkti þessa stækkun.

Dags. 24.11.78.
2. Því næst var tekin fyrir umsókn, um leyfi fyrir sumarhús í landi Krithóls.
Heimild jarðareiganda er sögð liggja fyrir.
Uppdráttur er gerður af Kristjáni Jónassyni en umsækjandi er Jónas Kristjánsson.
stærð hússins er 30 m², ein hæð, risþak
úr járni og timbur.
Umsókn þessi var samþykkt.

3. Þá lá fyrir umsókn dags. 01.12.78 frá Hjálmari Guðmundss. Korni um byggingarleyfi fyrir stækkun þurrheyshlöðu á jörðinni Korni.
Teikning frá B.L. liggur fyrir № 30-3412 dags. 03.10.78
Bráðabirgðaumsókn frá Hjálmari ásamt hjálögðum afstöðuuppdrætti dags. 24.09.78 hafði verið til óformlegrar umræðu hjá byggingarnefnd án bókunar.
Þar sem um framkvæmd er að ræða sem byggingarnefndarmönnum þótti í alla staði eðlileg, bæði hvað staðsetningu og stærð og gerð áhrærir hafði nefndin veitt samþykki sitt til byggingarframkvæmda sem var unnið við grunn, um það leyti sem teikning kom frá B.L.
Áritun á umsókn Hjálmars var gerð 29.12.78 og er afgreiðsla á hans máli þar samþykkt og afgreidd hér með.

4. Næst var tekin fyrir umsókn frá Herði og Eymundi Þórarinssyni Saurbæ um byggingu hesthúss á jörð þeirra Saurbæ.
Umsóknin er dags. 01.12.78. og teikning frá B.L. № 82-3483. dags. 24.11.78.
Skömmu eftir dagsetn. umsóknar eða í des. s.l. hafði byggingarnefndin veitt óformlegt leyfi ~~fyfir~~ fyrir byggingunni án bókunar í fundargjörð, og staðfestist leyfið hér með.
Þess skal getið að Eymundur Þórarinsson sat hjá við afgreiðslu ~~þessa~~ málsins.

5.
Þar næst var rædd umsókn frá Indriða Stefánssyni dags. 28.06.79 um breytingu á byggingarfyrirkomulagi á hlöðu sem samþykkt var í byggingarnefnd 21.09.78.
Var áætlað að steypa hlöðuna í fyrstu en breytingin er í því fólgin að í staðinn verður byggt stálgrindahús.
№ á teikningu er 10038-1, dags. júní 79.
og teikninguna gerði Unnar Jónsson M.T.F.Í.
Breytingin samþykkt.

6. Næst var umsókn um byggingarleyfi frá Guðmundi Péturssyni Lækjarbakka 11. dags 11.09.79.
Sækir hann um leyfi fyrir íbúðarhúsi á lóð no 3. við Lækjarbakka í Steinstaðabyggð. Teikning no 10703 frá Húsnæðismálastofnun Ríkisins fylgdi umsókn Guðmundar.
Nefndin er samþykk umsókn Guðmundar um bygginga eftir fyrrgreindri teikningu og felur formanni nefndarinnar Marinó Sigurðssyni að árita nauðsynleg gögn þegar þau liggja fyrir.

7.

Dags 20.07.79

Þá var afgreidd umsókn (undirrituð) af Marinó Sigurðssyni fh. Lýtingsstaðahrepps um byggingu á íbúðarhúsi skv. teikn. Húsnæðismálastofnunar Ríkisins no. 10703. á lóð no 5 við Lækjarbakka í Steinstaðabyggð. Var hún samþykkt á sama hátt og umsókn no 6. hér að ofan og vísast til þeirrar bókunar.

8. Þá kom fyrir umsókn dags. 01.12.79. frá Marinó Sigurðssyni um leyfi fyrir tveim votheysgryfjum á Álfgeirsvöllum. Teikningu gerði B. L. no. 30-2750 dags. 29.10.76.
Í desember s.l. hafði byggingarnefnd Lýtingsstaðahrepps gefið óformlegt leyfi fyrir ~~byggingar~~ byggingar framkvæmdum, sem staðfestist hér með.

Geta skal þess að Marinó Sigurðsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

9.

Fleiri umsóknir lágu ekki fyrir.
Byggingafulltrúi og nefndarmenn ræddu nokkuð um ný lög um nýbyggingagjald og væntanlega byggingareglugerð sem fellir úr gildi eldri lög um þessi mál.
Rætt var um að brýn nauðsyn ~~er~~ á að kynna þessar nýju reglur fyrir öllum viðkomandi framkvæmdaaðilum og vekja athygli þeirra á ýmsum atriðum sem þeim er nauðsynlegt að þekkja og fara eftir áður en til byggingaframkvæmda kemur.

Var byggingafulltrúa falið að ganga frá dreifibréfi til ~~íbúa~~ Lýt.hr. þar sem þeim eru kynntar greinar úr þessum nýju lögum. Komi í ljós að einhverjir aðilar innan Lýtingsstaðahrepps hafi hafið byggingaframkvæmdir án tilskilinna leyfa eða gegna er byggingafulltrúa falið að tilkynna þeim sérstaklega öll þau ákvæði laganna sem snerta þeirra byggingar og gefa þeim ákveðinn frest til að koma sínum málum í lag.

Fleira ekki, fundi slitið

Sigurður Sigurðsson
Rögnvaldur Þórarinsson
Marinó Sigurðsson
Kristján Stefánsson

Hinn 1. des. árið 1979 kom byggingafulltrúi Norðurlands Vestra til fundar við undirritaða nefndarmenn að Laugarbóli í Lýtingsst.hr.

Tilefnið var það að vitneskja hafði borist um að hafnar (væru) byggingaframkvæmdir á a.m.k. einum bæ í hreppnum án tilskilinna leyfa. ~~og~~ Var ákveðið að hafa samband við viðkomandi framkvæmdaaðila og kynna þeim lög og reglur um nýbyggingar m.a. með tilliti til þess að greiði þeir ekki svokallað nýbyggingargjald, þá er sveitarsjóður ábyrgur fyrir því ~~gjaldinu~~, en byggingarleyfi má ekki veita nema þetta gjald sé innt af hendi

Annað ekki

Marinó Sigurðsson. Sigurður Sigurðsson
Ingvar Gýgjar Jónsson

Árið 1980

Fimmtudaginn 5 júní hélt byggingarnefnd Lýtingsstaðahrepps með sér fund í Árgarði

Þessir voru mættir: Marinó Sigurðsson oddviti, formaður nefndarinnar, Eymundur Þórarinsson, Kjartan Björnsson og Sigurður Sigurðsson. Kristján Stefánsson var fjarverandi.
Auk nefndarmanna kom til fundar byggingafulltrúinn Ingvar Gýgjar Jónsson.

Í upphafi kom Friðrik R. Friðriksson til viðræðna við nefndarmenn en hann á eina af þeim umsóknum um byggingarleyfi sem borist hafa.

Þessar umsóknir liggja fyrir:

I Frá Herði Stefánssyni Úlfhaga dags. 13/12 79 umsókn um bílageymslu.

II Frá Felix Antonssyni Ljósalandi dags. 27/3 80 sækir um stækkun á gróðurhúsi áður byggðu '71.

III Frá Rósmundi Ingvarssyni Hóli dags. 8/5 80 umsókn um bílageymslu.

IV Frá Friðrik R. Friðrikssyni Laugarhvammi dags. 5/6 80. sækir um leyfi fyrir húsi, bílageymslu og óeinangraðri geymslu í sama húsinu.

Fyrst var tekin fyrir umsókn Harðar Stefánssonar um bílageymslu
✓ Teiknað af Sveini S. Pálmasyni (Vélsm. Héðinn)
Stærð 90 m² - 323 m³ stálgrindahús
Lágt risþak snýr N-A.
Teikningar lágu allar fyrir og umsókn hans samþykkt samhljóða.

Næst var umsókn frá Felix Antonssyni
Felix kom til viðræðu við nefndarmenn kvaðst þurfa að athuga betur ýmis atriði varðandi sína byggingu, m.a. efnisval, og var frestað afgreiðslu á hans umsókn.

Þá var tekin fyrir umsókn Kristmundar Ingvarssonar
um vélageymslu, stærð 145 m² 507 m³
Stálgrindahús, lágt rís – A-V.
Teikn: Hákon B. Agnarsson og styrkleikateikn
Steingr. Arason.

Teikningar liggja allar fyrir og umsókn
hans samþykkt samhljóða.

Að síðustu var tekin fyrir umsókn
Friðriks R. Friðrikssonar um sambyggingu
á íbúðarhúsnæði, bílageymslu og óeinangraðri
geymslu alls að stærð 300 m² 1185 m³
húsið verður steinsteypt með stálbitaþaki
lágt rís N-S.
Teikningu gerði Friðrik R. Friðriksson sjálfur
nema styrkleikateikningar sem gerð er af
Braga Þór Haraldssyni
Þar sem þessi bygging er af fremur
óvenjulegri gerð telur nefndin ~~skylt~~
skv. grein 3.3.9. í byggingarreglugerð 1979
að fresta afgreiðslu á þessari umsókn F.R.F.
þar til Brunamálastofnun Ríkisins hefur
fjallað um hana.

Geta ber þess að allar samþykktir

nefndarinnar á byggingarleyfum eru gerðar
með þeim fyrirvara að nýbyggingargjald
hafi verið greitt af þeim byggingum sem
gjaldskyldar eru áður en árituð byggingar-
leyfi (teikningar) eru afhent umsækendum

Þá kom fram umsókn dags 5/6-80 frá Lýtingsstaðahreppi
undirrituð af Marinó Sigurðssyni, um
byggingaleyfi fyrir íbúðarhúsi ásamt bílskúr
á lóð no. 7. við Lækjarbakka (skólastjóraíbúð)
Teikningar allar eru frá Húsnæðismálastofnun
ríkisins № 10753
stærð 130 m² 451 m³ bílskúr 34 m² 91 m³
íb.hús, 1 hæð rispak N-S. (steinsteypa)
Teikningar liggja allar fyrir
og umsóknin samþykkt samhljóða

Önnur umsókn dags 5/6 80 kom fram f.h. Lýtingsstaðahr.
undirrituð af Marinó Sigurðssyni um
byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi og bílskúr
á lóð no. 5 við Lækjarbakka
Teikningar liggja allar fyrir en þær eru
№ 10703 frá Húsnæðismálastofnun
Ríkisins. Stærð hússins 113 m² 400 m³
bílskúr 34 m² 89 m³ – efni steinsteypa
rispak N-S. Samþ. samhljóða

Fleiri umsóknir um byggingaleyfi lágu ekki fyrir.
Byggingarnefndin ræddi nokkuð sitt starfsvið og ýmis atriði í lögum og reglum þar að lútandi.
Annað gerðist ekki

Sigurður Sigurðsson
Sigmundur Þórarinsson
Kjartan Björnsson
Marinó Sigurðsson
Ingvar Gunnar Jónsson

Árið 1981 hinn 9 júlí kom byggingarnefnd Lýtingsstaðahrepps saman til fundar í Árgarði kl. 14. Neðanritaðir nefndarmenn mættu. Á fundinum mætti Ingvarti Jónsson bygg.fulltrúi
Þetta gerðist:
Fundargjörð síðasta fundar lesin upp.

1. Byggingarfulltrúinn kynnti fyrir nefndarmönnum það atriði í byggingareglugerð þar sem kveðið er á um að innheimt skuli byggingarleyfisgjald af öllum nýbyggingum.
Hámark er á þessu gjaldi og er það kr. 1.33 pr. $m^3$, botnplata skal þó undanþegin.
Ákveðið var að vísa þessu máli til sveitarstjórnar.

2. Næst var tekin fyrir umsókn Jóns B. Sigurgeirssonar, Breið vegna íbúðarhúss. dags. 16/7 80
Stærð hússins verður 120 $m^2$ brúttó, 432 $m^3$.
Teikningu gerði Haukur Haraldsson

Umsókn hans samþykkt samhljóða

3. Því næst tekin fyrir umsókn
Sigmundar Sigmundssonar Hrútsdal
vegna íbúðarhúss dags. 16/7 '80.
Teikningu gerði Hreggviður Guðgeirsson.
Húsið verður 138.9 $m^2$ íbúðarhæð
á steyptum kjallara 136.3 $m^2$ að stærð
eða alls 852.9 $m^3$
Allar teikningar liggja fyrir.

Umsóknin samþykkt samhljóða.

4. Þá var fjallað um umsókn
Marinós Sigmundssonar Álfgeirsvöllum
um leyfi fyrir votheysgryfju steinsteypti
Stærð 17.8 $m^2$ innanmál hæð 6 m.
undir ris
Teikningar gerði Álfgeir Marinósson

Umsóknin samþykkt. samhljóða

5. Síðan kom umsókn frá Stefáni A
Magnússyni Stekkjarholti um leyfi
fyrir fjárhúsi stærð f. 400 fjár
Teikning er frá Byggingastofnun
Landbúnaðarins, en styrkleikateikning
frá Sig. Sigvaldasyni

Umsókn Stefáns samþykkt samhljóða

6. Þá kom fyrir umsókn frá Sigmundi
Magnússyni Vindheimum um leyfi
fyrir fjárhúsi stærð f. 200 fjár (dags. 2/1 '81)
efni timbur og bárujárn.
Teikning frá Byggingarstofnun Landbún.
en burðarþolsteikn. e. Sigurð Sigvaldason

Umsóknin samþykkt samhljóða

7. Þá lá fyrir umsókn frá Pétri Pálmasyni Reykjavöllum ~~dags.~~ 12/9'80 um leyfi fyrir Hlöðu stærð 9.9 x 21.6.
Stálgrindahús skv. teikningu frá Vélsm. Héðni (Björn Agnarsson)
Teikningar lágu fyrir.

Umsókn Péturs samþykkt samhlj.

8. Næst kom fram umsókn frá Birni Ófeigssyni Reykjaborg dags. 7/7'81 um leyfi fyrir hlöðu (bogaskemma) stærð 18.9 x 10.6 - hæð 5 m.
Teikningar gerði Björn Ófeigsson og liggja þær allar fyrir.

Umsóknin samþykkt samhljóða.

9. Síðan kom fyrir umsókn frá Jóhannesi Hjálmarssyni Svartárdal dags. 15/1 '81 um endurbætur, gluggabreytingar og utanhússklæðningu á íbúðarhúsi í Svartárdal.
Teikningar eru engar en umsóknin samþykkt samhljóða.

10. Þá var rædd umsókn frá Sveini Guðmundssyni Lýtingsstöðum dags. 28/3 1981 um endurbætur og breytingar á íbúðarhúsi:
Þar er um að ræða breytingar á gluggum, breytingu á inngangi, innréttingar á efri hæð ofl.
Teikningar komu engar fram.

Umsóknin samþ. samhljóða.

Fundi slitið.

Marinó Sigurðsson — Sigurður Sigurðsson
Ingvar Gýgjar Jónsson — Eymundur Þórarinsson
Jóhann Guðmundsson

Árið 1982, fimmtudaginn 24. júní, kom byggingarnefnd Lýtingsstaðahrepps saman í Árgarði. Mættir voru á fundinum byggingafulltrúi Ingvar G. Jónsson og frá brunavarnaeftirlitinu Guðbrandur Þórmannsson. Frá byggingarnefnd hreppsins Eymundur Þórarinsson Saurbæ, Jóhannes Guðmundsson Ytra-Vatni, Marinó Sigurðsson

[illegible] umsóknir um byggingarleyfi höfðu borist og voru þau tekin til umfjöllunar og afgreiðslu.

1. Umsókn um fjárhús á Reykjavöllum, frá Pétri Pálmasyni. Teikningar lágu fyrir og voru samþykktar af byggingafulltr. og byggingarnefnd og af ~~fulltr.~~ Slökkviliðsstjóra mat fyrir vera um að fullnægt sé kröfum Brunamálastofnunarinnar.

2. Næst kom til umfjöllunar umsókn Sveins Guðmundssonar Lýtingsstöðum um hesthúsbyggingu fyrir 36 hross. Umsókninni fylgir riss af fyrirhugaðri byggingu en löggilt teikning liggur ekki fyrir. Umsókn þessi verður tekin til afgreiðslu þegar fullnægjandi teikningar liggja fyrir.

3. Þá er tekin fyrir umsókn Guðmundar Helgasonar í Ásnesi um að klæða útihúsið utan og einangra. Umsóknin samþykkt samhljóða.

4. Þá liggur fyrir fundinum umsókn Jónínu Friðriksdóttur í Laugarmýri um stækkun á íbúðarhúsi. Umsókninni fylgja teikningar unnar af Friðrik R. Friðrikssyni. umsóknin samþykkt.

5. Þá er tekin fyrir umsókn Jóhanns Kára Hjálmarssonar Syðra-Vatni um byggingu hlöðu. Umsókninni fylgja teikningar nr 30-3995 frá B.L. Umsóknin samþykkt.

6. Næst liggur fyrir umsókn Jóhannesar Guðmundssonar Ytra-Vatni um byggingu blásarahúss við áður byggða hlöðu. Samþ.

7. Að lokinni afgreiðslu áður skráðra erinda gekk byggingarnefnd af fundi og athugaði ummerki og aðstæður nýbyggingar á [illegible] Umsögn byggingarnefndar um framkvæmd

um ástand byggingar er sú að við
fljótlega athugun eru ekki sjáanlegar
skemmdir á steypu þessarar byggingar
að öðru leiti en því sem snýr gaumis
Yfirborð loftplötu er sjáanlega skemmd af
frosti og burðarbiti yfir henni sunnanverður
er ónýtur. Samdóma álit byggingarnefndar
er að hafa samráð við verkfræðing hússins
og krefja hann um umsögn um verkið.
Óskað er eftir nýrri styrkleikamælingu
hans og umsögn um verkið og ákvörðun
um framhald þess.
Fleira liggur ekki fyrir
fundinum, fundi slitið

Kristján Stefánsson Gilhaga
fundarritari

Ár 1983.

Fimmtudaginn 30/6 kom saman til fundar
í Ásgarði byggingarnefnd Lýtingsstaðahr.
ásamt byggingafulltrúa Ingvari Gýgjari Jóns.
Frá byggingarnefnd voru mættir
Sigurður Sigurðsson Brúnastöðum
Marinó Sigurðsson Álfgeirsvöllum
Kjartan Björnsson Krithóli
Kristján Stefánsson Gilhaga
Fyrir fundinum lágu nokkrar
umsóknir um byggingaleyfi sem teknar
voru til athugunar og afgreiðslu.

1. Umsókn um tækjahús pósts og síma
í landi Tunguháls II ásamt meðfylgjandi
teikningum og lóðaleigusamningi.
Stærð hússins er 244 x 247 hæð 242 cm
stærð lóðar 30 x 30 m. Timburhús á
steyptum grunni. 6,02 m² 15.89 m³

Umsóknin samþykkt.

2. Næst liggur fyrir umsókn Jóhanns
Kára Jóhannssyni um utanhússklæðningu
og einangrun ásamt endurnýjun
glugga. Samþykkt.

3. Umsókn um endurbætur á
íbúðarhúsinu á Hofi, utanhússklæðningu
endurnýjun glugga o.fl. Umsókn
sendir Gísli Eggertsson og var hún
samþykkt.

4. Umsókn frá Kjartani Björnssyni
Kirkjuhóli um byggingu geymslu úr
járnbogum með bárujárni. og breytingu
á geymslu við íbúðarhúsið í stofu
og salerni. ~~Stærð bogaskemmu~~
Stærð bogaskemmunnar 5 X 13 m
250 m³. staðsetning ákveðin um 60 m.
sunnan íbúðarhúss. Umsóknin samþykkt.

5. Umsókn frá Kristjáni Jóhannessyni Reykjum
um byggingaleyfi fyrir kálfafjósi.
Meðfylgjandi er teikning nr. 103586 og
stærð 350 X 840 cm 177 m³
Umsókn samþykkt.

6. Umsókn frá Sveini Guðmundssyni
Lýtingsstöðum um leyfi fyrir byggingu
fjárhúss yfir 120 fjár, úr timbri og
járni, gömlu efni. Teikningar fylgja
ekki og umsóknin því ekki samþykkt
fyrr en teikningar liggja fyrir.

7. Næst var fjallað um umsókn frá
Marinó Sigurðssyni Álfgeirsvöllum,
um byggingaleyfi fyrir bílskúr eða
vélageymslu, viðbyggingu við íbúðarhús.
Meðfylgjandi er teikning nr 01-3592
frá Byggingastofnun landbúnaðarins.
Stærð 64,26 m² 282,74 m³
Umsóknin samþ.

8. Fyrirhugaðar eru byggingar íbúðarhúsa
í Sölvanesi og Bjarnastaðahlíð en
teikningar liggja ekki fyrir og umsóknir
því ekki til staðar. Byggingafulltrúi
hefir litið á húsastæði og lagt fram tillögur
um staðsetningu, ásamt Marinó Sigurðssyni.
Fleyra var ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Kristján Stefánsson
Sigurður Sigurðsson
Ingvar Gýgjar Jónsson [illegible]
Marinó Sigurðsson

Fundur í byggingarnefnd Lýtingsstaða-
hrepps haldinn 19. sept. 1983 í Árgarði
Undirritaðir nefndarmenn mættir.
Dagskrá fundarins eru 4 umsóknir um
byggingarleyfi.

1. Umsókn frá Magnúsi Óskarssyni
um byggingu á íbúðarhúsi, sem barst
oddvita 12-09-83. Teikningu gerði
Hjörtur Ingvason, umsóknin samþykkt og
byggingaleyfi veitt.

2. Umsókn frá Gísla Jóhannssyni Bjarnastaða-
hlíð um byggingu íbúðarhúss, barst
oddvita 15-07-83. Teikningu gerði
B.L. Gunnar M. Jónasson. Nr. 01-3624,
styrkleikateikning lá ekki fyrir. Teikning
samþykkt og byggingarleyfi veitt, með fyrir-
vara á endanlegri teikningu er liggi
fyrir.

3. Umsókn frá Hjálmari Guðjónssyni
Tunguhálsi II barst oddvita 16-09.83
um byggingu á fjósi, haughúsi og
mjólkurhúsi, við hlöðu (eða stálgrinda-
hús), sem fyrir er. Teikningu gerði

Málfríður Kristjánsdóttir. Styrkleika-
teikning lá ekki fyrir. Umsókn samþykkt
og byggingarleyfi veitt með fyrirvara á að
allra teikninga sé aflað.

4. Umsókn frá Sigmundi og Sigurði
Sigurðssyni ~~Hamar~~sdal um breytingu
á fjósi, fjárhúsi og hlöðu í refahús
sem barst oddvita 10.07.83. Umsókn
samþykkt með fyrirvara um sam-
þykki heilbrigðisfulltrúa.
Allar þessar umsóknir eru sam-
þykktar með ~~þeim~~ fyrirvara á sam-
þykkt eldvarnaeftirlitsins.
Fleira var ekki tekið fyrir á
fundinum og fundi slitið.

Fundinn sátu

Mánudaginn 19. september var
fundur í bygginganefnd Lýtingsstaðahr.
settur og haldinn í Árgarði.
Til fundar voru mættir eftirtaldir
bygginganefndarmenn.

Eymundur Þórarinsson
Sigurður Sigurðsson
Kristján Jóhannesson varam.
Kjartan Björnsson
Jóhannes Guðmundsson varam.
Ingvar Gýgjar Jónsson byggingafulltr.

Fyrir fundinum lágu þrjár umsóknir
um nýbyggingar, og ein um breytingu
á eldra húsnæði.

1. Umsókn frá Magnúsi Óskarssyni
Sölvanesi um byggingu íbúðarhúss, sem
barst oddvita 12-09-83. Teikningu gerði
Hjörtur Ingason og stykklistateikningu einnig.
Umsóknin var samþykkt og byggingaleyfi
veitt

2. Þá var fyrir tekin umsókn sem
barst oddvita 15-07-83 frá Gísla
Jóhannessyni Bjarnastaðahlíð um byggingu
íbúðarhúss. Fyrir lá teikning gerð af
B.L. Gunnar M. Jónsson, nr 01-3624. en
stykklistateikning lá ekki fyrir.
Byggingaleyfi var veitt ~~og~~ með þeim
fyrirvara að stykkl.teikn. sé til staðar
og fyrirliggjandi teikning samþykkt.

3. Þann 16-09-83 barst oddvita umsókn um
leyfi fyrir byggingu fjóss mjólkurhúss og
haughúss við hlöðu þá, stálgrindahús, sem
fyrir er á Tunguhálsi II frá Hjalmari
Guðjónssyni. Teikningar gerðar af B.L.
Málfríði Kristjánsdóttur. en stykklistateikning
lá ekki fyrir og var umsóknin samþykkt
og byggingaleyfi veitt með fyrirvara
um að allra teikninga hafi verið aflað
áður en framkvæmdir hefjast.

4.

Síðast var fyrir tekin umsókn frá þeim Sigmundi og Sigurði Sigmundssonum um breytingu á fjósi, fjárhúsi og hlöðu í Hamarsdal, í refahús. Umsókn um leyfi þetta barst oddvita þann 10-07-83. Var umsóknin samþykkt og leyfið veitt með þeim sama fyrirvara og allar hinar umsóknirnar að til staðar sé samþykkt heilbrigðiseftirlitsins.

Fyrir fundinum lágu ekki fleiri mál og var því ekki annað tekið fyrir, fundi slitið.

1984. Mánudaginn 18 júní voru mættir til fundar á Ljósalandi eftirtaldir byggingarnefndarmenn. Marinó Sigurðsson, Reymundur Þórarinsson, Kristján Stefánsson auk byggingafulltrúa Ingvars Gýgjar. Tilefni fundarins var samkvæmt bókun frá síðasta fundi 30/5. staðsetning fjósbyggingar sem fyrirhuguð er sameiginleg hjá Helga Sveinssyni Laugarholti og Felix Antonssyni Ljósalandi.

Við athugun var landrýmið ekki mögulegt þar sem byggingunni var fyrirhugaður staður á Ljósalandi. Var því mælt með staðsetningu í landi Laugarholts um 45 m. sunnan við gróðurhúsið 35 m. vestan vegar.

Fyrir fundinum lá umsókn frá Rögnmundi Ingvarssyni Hóli um að breyta gluggum á íbúðarhúsi og klæða það utan. Umsókn þessi var samþykkt samhljóða. Samkvæmt lögum öðlast ákvörðun byggingarnefndar ekki gildi fyrr en sveitarstjórn hefur samþykkt hana og byggingaleyfi fjóss því ekki veitt fyrr en að lokinni umfjöllun sveitarstjórnar

Fyrir fundinum lágu ekki önnur
mál. Fundi þá slitið.
Kristján Stefánsson
Eymundur Þórarinsson
Marinó Sigurðsson
Ingvar Gunnar Jónsson

Miðvikudaginn 30/5 1984 kl. 21, var
boðaður fundur í byggingarnefnd settur
og haldinn í Árgarði. Til fundar voru
mættir eftirtaldir byggingarnefndarmenn
Marinó Sigurðsson
Kjartan Björnsson
Eymundur Þórarinsson
Sigurður Sigurðsson
Kristján Stefánsson
Auk ofanskráðra þau Ingvar Gýgjar
byggingafulltrúi og Viktoría Gestsdóttir
heilbrigðisfulltrúi Norðurlands umdæmis
vestra. Fyrst var fyrir tekin umsókn
Axels Gíslasonar Miðdal, um endurbyggingu
hlöðu við fjárhús þar heima á jörðinni
fyrir lágu ekki teikningar af breytingunni
en leyfi veitt til að hefja framkvæmdir
við gröft fyrir veggjum sem steypa það
en hlaða sem fyrir er, liggur við að

hrynji vegna spennu inna veggja vegna
álags jarðvegs
Næst var umsókn frá Felix Antonssyni og
Helga Sveinssyni Laugarholti um byggingu
fjóss fyrir 30 kýr auk geldneyta.
Staðsetning var ekki ákveðin þ.e. á
hvorri jörðinni húsið skyldi standa
og var óskað eftir staðarvali frá bygginga-
nefnd. Umsókninni fylgdi teikning
frá Magnúsi Sigsteinssyni og var hún
samþykkt en staðsetning ekki ákveðin
þar sem afstöðumynd liggur ekki fyrir.
Þá var tekin fyrir umsókn frá Birni
Ófeigssyni Reykjaborg um stækkun
íbúðarhúss. Fyrir lágu teikningar af
íbúðarhúsi 103 m² lengdu við núverandi
hús með gangi og var hún samþykkt
Umsókn Helgu Steindórsdóttur á Fitjum
um leyfi til að byggja anddyri við
bakdyr íbúðarhúss var næst tekin fyrir.
Byggt skyldi úr timbri og járni,
með fylgjandi útlitsteikning samþykkt
samhljóða. Fyrir var tekin næst
umsókn frá Sólborgu og Hrefnu
Þórarinsdætrum um byggingu sumar-
húss í Laugarmó, í landi Saurbæjar

Fyrir lágu tillöguteikningar sem
nefndin hafði ekkert við að athuga
en fylltri teikninga óskað og afstöðu-
myndar. Fleyri umsóknir lágu ekki fyrir.
Þá ræddi Ingvar Gýgjar um möguleika
á að taka sameiginlega afstöðumynd
af Varmalækjarhverfinu vegna aukinna
krafna um skipulag. Í öðru lagi ræddi
hann möguleika á sameiningu,
bygginganefnda í hreppunum sýslunnar
og vitnaði til Eyjafjarðar varðandi
þetta mál, þar sem er starfandi
aðeins ein bygginganefnd.
Voru fundarmenn þessu fyrirkomulagi
ekki fjarlægir. Rætt var um stofnun
svæðisbygginganefndar í samvinnu við
nágranna sveitarfélög og ákveðið að beina
því til sveitarstjórnar að athuga þessa
möguleika. Fleyri mál lágu ekki fyrir
fundinum og var fundargerð lesin og
samþykkt, fundi slitið

Kristján Stefánsson
fundarritari.

Miðvikudaginn 19. júní 1985 var
áður boðaður fundur settur og haldinn í
Sveinsstofu Árgarði kl. 14,40. Til fundar
voru mættir eftirtaldir bygginganefndar-
menn. Kristján Stefánsson Kjartan Björnsson
Eymundur Þórarinsson Marinó Sigurðsson
og Sigurður Sigurðsson. Auk þeirra Björn
Sverrisson frá eldvarnaeftirliti Skagafj:
og Viktoría Gestsdóttir heilbrigðisfulltrúi
Norðurlands vestra. og Ingvar Gýgjar
Jónsson byggingafulltrúi. Fyrst var
fyrir tekin umsókn frá Valdimar
Valgarðssyni um byggingaleyfi fyrir
bogaskemmu í Brautarlunga. Í var
meðfylgjandi riss ástaðsett. ~~[illegible]~~
~~[illegible]~~ Var samþykkt samhljóða. að fara
~~Þá umsókn frá Hannesi Péturssyni~~
~~Túngötu 25 Bessastaðahreppi um leyfi~~
~~til að reisa sumarbústað [illegible]~~
~~[illegible]~~. ~~Bygginganefndarmenn~~ fóru
á staðinn og athuguðu byggingastað.
og staðsettu umrædda skemmu.

Næst var fyrir tekin umsókn frá Hannesi Péturssyni Túngötu 25 Bessastaðahreppi um leyfi til að byggja sumarbústað úr timbri við Laugarból. Meðfylgjandi voru teikningar og leyfi sem krafist er utan umsagnar náttúruverndarnefndar, og var leyfið samþykkt með fyrirvara um að sú umsögn sé til staðar.

x Pétur G. Sigmundsson Vindheimum sækir um leyfi til að breyta íbúðarhúsi á Vindheimum þ.e. byggja þakkvist og sérinngang í risháð og gera það séríbúð. Fyrir lá lýsing á framkvæmdinni en teikningar ekki að breytingunni. Samþykkti byggingarnefnd ~~þessa~~ breytingu með þeim fyrirvara að teikninga sé aflað.

Næst er umsókn frá Leifi Hreggviðssyni Byrgisskarði um leyfi til að breyta gluggum og klæða utan íbúðarhús og einangra í Byrgisskarði. Var þessi breyting samþykkt með þeim fyrirvara að fullt samráð sé haft við eldvarnareftirlitið.

Umsókn um byggingaleyfi frá Sigurði Sigurðssyni Héraðsdal til byggingar íbúðarhúss, þar á jörðinni. Meðfylgjandi var grunnteikning útlitsteikning og afstöðumynd. Teikning og staðsetning var samþykkt, og leyfið veitt

Næst var umsókn frá Sigmundi Sigurðssyni er sækir um leyfi til að byggja loðdýrahús í Héraðsdal, samkv. teikningu nr. 84-4864

(Afstöðumynd vantar)

Umsóknin ~~sam~~ og teikningin samþykkt og leyfið veitt. Þá var tekin fyrir umsókn frá Kristjáni Kristjánssyni Lækjarbakka 9, um leyfi fyrir bygginga garðhúss við íbúðarhús á Lækjarbakka 9. Meðfylgjandi var grunnriss sem sýnir afstöðu til íbúðarhúss, og var umsóknin samþykkt og leyfið veitt.

Næst var umsókn frá Sigfúsi Steindórssyni Víðigrund 8 Sauðárkróki um leyfi til byggingar íbúðarhúss í Brautargarði úr timbri. Meðfylgjandi umsókn er útlitsteikning og grunnmynd en afstöðu-mynd vantar. Staðsetning ákveðin síðar. 20. jan. 1985 samþykkti bygginga-fulltrúi teikninguna ~~vegna tímans~~

til húsnæðisstofnunar, vegna
lánsumsóknar. Umsóknin samþykkt
með fyrirvara um að afstöðumynd
liggi fyrir og önnur nauðsynleg gögn.
Næst var endurnýjuð umsókn frá
Magnúsi Sigurðssyni um leyfi til byggingar
bílskúrs og vísast til fyrri samþ.
30.6.1983. þar um.
Þá ræddi byggingafulltrúi um
frumteikningu að íbúðarhúsi sem
Friðrik Friðriksson lagði fram og
á að standa í landi Lambeyrar og
Laugarhvamms. Var þessi teikning
skoðuð og um hana rætt og hafði
byggingarnefnd ekkert við form
hússins að athuga.
Þá ~~ra~~ ræddi Ingvar um nafnamerkingu
bæja og sagði hann að fáanleg væru
merki með 15% afslætti hjá
Skiltagerðinni Umferðarmerki h/f.
Bræðraborgarstíg 9. Reykjavík.
En hann skal lögum samkv. annast
nafnmerkingu býla og gatna og var ákveðið
að beina framkvæmd þessa máls til
sveitarstjórnar

Fleira var ekki fyrir tekið og fundi
slitið.

Kristján Stefánsson fundarr.
Kjartan Björnsson
Eymundur Þórarinsson
Viktoría Selma Gestsdóttir
Björn Sverrisson
Ingvar Grétar Jónsson
Magnús Sigurðsson
Sigurður Sigurðsson

Atli Fundarritari 8. nóv. '85. V. Tungukistu I
Heiðarh.

Ár 1985 föstudaginn 8. nóvember.
Áður boðaður fundur í byggingarnefnd Lýtingsstaðahrepps settur og haldinn í Sveinsstofu Árgarði kl. 14. Til fundar voru mættir Ingvar Gýgjar byggingafulltrúi Viktoría Gestsd. heilbr. fltr. og Björn Sverrisson ~~[illegible]~~ eldvarnaeftirliti Skagafjarðar og frá byggingarnefnd Marinó Sigurðsson Kjartan Björnsson Kristján Stefánsson

Fyrst var fyrir tekin umsókn frá Reymundi Þórarinssyni Saurbæ um leyfi til að klæða og einangra utan íbúðarhúsið í Saurbæ, svo og skipta um glugga og útihurðir. Klæðningin er fyrirhuguð úr áli. Umsóknin var samþykkt með þeim fyrirvara að einangrun sé viðurkennd af eldvarnaeftirliti.

Næst var fyrir tekin umsókn frá Guðsteini Guðjónssyni Tunguhálsi I um byggingaleyfi fyrir íbúðarhúsi þar á staðnum. Umsókninni fylgja öll tilskilin gögn og var umsóknin samþykkt þann 4.10.'85 en bókuð hér og nú.

Þá lá fyrir umsókn frá Jóhannesi Guðmundss. Ytra-Vatni um leyfi til að einangra og klæða utan íbúðarhúsið þar. Einangra skal með 2ja tommu steinull og klæða með stáli og var umsóknin samþykkt án breytinga. og leyfi veitt.

Næst lá fyrir umsókn frá Sigurði Sigurðssyni Héraðsdal um leyfi til að leggja ~~veg~~ að nýju íbúðarhúsi þar á jörðinni. Meðfylgjandi var afstöðumynd og riss af væntanlegum vegi. Umsóknin samþykkt og leyfi veitt með fyrirvara um að verkið brjóti ekki í bága við vegalögin:
Að lokum var tekin fyrir umsókn frá Sigurði Friðrikssyni Laugardal, um leyfi til að byggja íbúðarhús og hús fyrir smáiðnað o.fl. á lóð úr landi Laugarbóls og Laugarhvamms. Fyrir lágu ófullnægjandi gögn og umsóknin því ekki afgreidd. Sigurður boðaður á fundinn og honum skýrðir málavextir.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið

Marinó Sigurðsson fundarstj. Kristján Stefánsson fundarritari

Viktoría S. Gestsdóttir, Kjartan Björnsson
Björn Sverrisson, Ingvar Gýgjar Jónsson.

1. Fundur 1986

Ár 1986 mánudaginn 9. júní.
Áður boðaður fundur í byggingarnefnd
~~[illegible]~~ settur og haldinn í Bæjarstofu kl. 2.
Mættir voru Ingvar Gýgjar byggingafulltrúi
Björn Sverrisson frá eldvarnaeftirliti Skagafjarðar
frá byggingarnefnd voru mættir
Marinó Sigurðsson
Kjartan Björnsson
Jóhannes Guðmundsson
Kristján Stefánsson

Fyrst var fyrir tekin óafgreidd umsókn,
rædd á síðasta fundi, frá Sigurði Friðrikssyni
um byggingar á nýbýli við Lambeyri.
Fyrirhugað nafn þess er Ásbær.
Nauðsynleg gögn liggja nú fyrir og
samþykkir fundurinn teikningar og
leyfi er veitt með fyrirvara um
samþykki vegagerðarinnar. Ofangreindar
byggingar eru íbúðarhús og verkstæði.

Næst tekin fyrir umsókn frá Sindra
Sigfússyni Brún, dags. 12/12 '85, um
leyfi til að byggja hesthús. Umsókninni
fylgja teikningar af húsinu en
afstöðumynd vantar. Umsóknin var
samþ. 12/12. 85, en bókuð hér og nú.

Umsókn Eyjólfs Pálssonar Starrastöðum
var um byggingu gróðurhúss og tekin
fyrir næst. Með fylgjandi voru frum-
teikningar af 250 m² gróðurhúsi sem
standa skal milli dæluhúss hitaveitu
og íbúðarhúss. Umsóknin var samþykkt
með fyrirvara um að afstöðumynd og
önnur tilskilin gögn séu fyrirliggjandi
þegar verkið er hafið.

Næst lá fyrir umsókn frá Ragnari Sverrissyni
um leyfi til að byggja refahús fyrir 210
læður, á lögbýli, sem ~~[illegible]~~ samþykkt hefur
verið að reist verði norðast í landi Reykjaborgar
fyrir lá teikning refahúss og umsóknin
samþykkt með fyrirvara um að afstöðumynd
liggi fyrir þegar verkið hefst.

Þá var fyrir tekin umsókn frá
Stefáni Guðmundssyni alþingismanni
um leyfi til að byggja sumarhús
í landi Steinsstaða austan við Tómatjörn
sunnan Hjaltadalsvegar. Meðfylgjandi
voru teikningar og tilheyrandi gögn
og umsóknin samþykkt samhljóða.

Næst lá fyrir umsókn frá Jóhanni Má
Hjálmarssyni Syðra-Vatni um leyfi til
að byggja vélheyshlöðu. Meðfylgjandi
eru teikningar en afstöðumynd vantar
en hún þarf að liggja fyrir. Með þeim
fyrirvara var umsóknin samþykkt,
teikning er nr. 30-5096.

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.
Kristján Stefánsson fundarritari
Kjartan Björnsson
Marinó Sigurðsson
Björn Sverrisson
Ingvar Gýgjar Jónsson

2. fundur '86

Mánudagur 29/9 1986
Fundur settur í Sveinsstofu og boðaðir til
hans eftirtaldir byggingarnefndarmenn
Marinó Sigurðsson Álfg.v.
Kristján Stefánsson Gilhaga
Guðrún Sveinsdóttir Reykjaborg
Mættur var Ingvar Gýgjar byggingafulltrúi
sem boðaði til þessa fundar vegna þess
að framkvæmdir eru hafnar á byggingastað
Sigurðar Friðrikssonar í Ásbæ, án byggingaleyfis. Við upphaf fundar fóru Ingvar
Kristján og Marinó á staðinn og mældu
fjarlægð frá miðjum vegi að húsi
uppsláttar, og reyndist minnsta
fjarlægð 14.60 m. Fyrir fundinum lá
svar Vegagerðar ríkisins við beiðni
hreppsnefndar Lýtingsstaðahrepps um
að veitt verði undanþága varðandi
fjarlægð frá vegi vegna íbúðarhúss
Sigurðar Friðrikssonar í Ásbæ.
Það er tillaga Vegagerðarinnar að
staðsetningin verði endurskoðuð, en svo
sem fram er komið eru framkvæmdir
þegar hafnar. Sömuleiðis mótmælir Vegagerðin
staðsetningu sumarhúss Hannesar Péturssonar
er stendur að hluta á vegsvæðinu

Fundinn sátu eftirtaldir hreppsnefndar-
menn.

Elín Sigurðardóttir Sölvanesi
Rósa Björnsdóttir Hóstegum
og Guðmundur Helgason Ánesi:

Fyrir þennan fund hafði byggingafulltrúi beðið um að framkvæmdir í Löbæ yrðu stöðvaðar og var sú beiðni ítrekuð á staðnum í viðurvist Friðriks Rúnars byggingameistara og Sigurðar Friðrikssonar. Eftirfarandi bókun er samkvæmt ósk Ingvars byggingafulltrúa.

1. Byggingaleyfi hefur ekki verið gefið út þar sem samþ. vegagerðar er ekki fyrir hendi; sjá fundargerð bygginganefndar 9/6 '86 og sveitarstjórnar f. 20/7 '86.
2. Meistaraábyrgð hefur ekki borist frá múrara- og pípulagningameistara.
3. Byggingafulltrúi og eða bygginganefnd hafa ekki staðsett eða mælt út fyrir byggingunni; en byggingameistari hefur þegar hafið framkvæmdir.
4. Byggingafulltrúi og bygginganefnd hafa krafist stöðvunar byggingar þar til fullnægt hefur verið settum reglum.

Bygginganefnd ákvað eftirfarandi bókun

Svo sem áður er skráð, hefur hreppsnefnd verið í viðræðum við Vegagerð ríkisins um færslu á vegi við fyrirhugað byggingasvæði. Reikna má með að umrædd færsla vegarins nái fram að ganga, og verður því staðsetning umræddrar byggingar látin óátalin af hálfu bygginganefndar, þrátt fyrir að samþykki vegagerðar hafi ekki borist. Í umræðum kom fram að æskilegt væri að skipulagssvæði það sem tekið var fyrir og þegar hefur nokkuð verið unnið í fyrir Steinsstaðabyggð yrði stækkað.

Ákvað bygginganefnd að beina þeim tilmælum til hreppsnefndar að hún léti skipuleggja í heild svæðið frá Héraðsdalsvegi að merkjum Merkigarðs. Þá kom á fundinn Sigurður Friðriksson og fyrir honum útskýrt hver gögn það eru sem vanta til að byggingaleyfi verði veitt. Samþykkt var að fela hreppsnefnd að krefja vegagerðina um ákveðið svar við áður nefndu bréfi og afla afdráttarlausra yfirlýsinga. Sigurður féllst á að stöðva framkvæmdir þar til komin er lausn þessara mála

Fleira var ekki fyrir tekið
og fundi slitið

Marinó Sigurðsson
Fundarstj.

Kristján Stefánsson
fundarritari

Guðrún Sverrisdóttir

Vegna framanngreindrar bókunar byggingarnefndar vill undirritaður benda á fundargjörð frá 9. júní hér að framan, þar sem byggingarleyfi er veitt með fyrirvara um samþ. vegagerðar, en það samþ. liggur ekki fyrir og því tel ég mig ekki hafa heimild til að gefa út byggingarleyfi nú.

Ingvar Gýgjar Jónsson.

---

3 fundur '86

Miðvikudaginn 1/10 '86

Fundur settur í Sverrisstofu og boðaðir til hans byggingarnefndarmenn

Marinó Sigurðsson
Kjartan Björnsson
Eymundur Þórarinsson
Guðrún Sverrisdóttir

Mættur var byggingarfulltrúi Ingvar G. Jónsson. Fyrir fundinum lá afstöðumynd af iðnaðarhúsi Sigurðar Friðrikssonar í landi ~~[illegible]~~ Laugarhvamms við Merkigarðsveg sem vegagerð ríkisins hefur samþykkt 30-09-86. Byggingarfulltrúi kom á staðinn í dag og mældi fjarlægð frá miðlínu vegar að norð vestur horni iðnaðarhúsi sem var um 23 m. Ingvar telur að eitthvað hafi verið unnið við húsið eftir að stöðvunar var krafist og viðurkenndi Sigurður Friðriks það, en Ingvar hitti hann á staðnum. Samþykkir fundurinn þessa afstöðumynd af iðnaðarhúsi Sigurðar Friðrikssonar. En varðandi umsókn Sigurðar Friðrikssonar af væntanlegu íbúðarhúsi vestan vegar, þá er það einnig háð samþykki Vegagerðar sbr. bókun frá 9 júní 1986.

All miklar umræður urðu um byggingu iðnaðarhús Sig. Friðriks.
Fundurinn lýsir undrun sinni á framkomu þeirra sem að þessari byggingu standa (þ.e. eiganda og húsasmíðameistara) að leyfa sér að hefja framkvæmdir án þess að fullnægja settum reglum, eins og framkemur í fundargjörðum hér að framan
Því vill fundurinn benda hlutaðeigendum á að verði ekki framkomin krafa um stöðvun framkvæmda virt ~~og~~ sé óhjákvæmilegt að beita gildandi ákvæðum byggingarlaga.
Að uppfylltum gildandi reglum samþykkti byggingarnefnd að gefið verði út byggingaleyfi, þrátt fyrir hvernig ~~staðið~~ að framkvæmdum hefur verið staðið, enda verði allur kostnaður, sem að þessum óleyfilegu framkvæmdum hefur hlotist og eða kann að koma framsíðar verði greiddur af eiganda og eða húsasmíðameistara
Þá lá fyrir fundinum meistaraábyrgð frá húsasmiða - múrar - pípu lagninga og rafvirkjameistar fyrir iðnaðarhúsi Sig. Friðrikssyni

Fundi slitið

Marinó Sigurðsson — Eymundur Þórarinsson
Kjartan Björnsson
Guðrún Sverrisdóttir
Ingvar Gýgjar Jónsson.

Fimmtudaginn 23. október 1986.
Til fundar voru mættir eftirtaldir byggingarnefndarmenn, Marinó Sigurðsson Kristján Stefánsson, Sigurður Sigurðsson Kjartan Björnsson og Eymundur Þórarinsson.
Fyrst var fyrir tekin umsókn frá Hjálmari Guðmundssyni Kornsá um byggingu hlöðu þar heima, til viðbótar þeim er fyrir standa. Áður en lengra var haldið óskaði formaður, Marinó Sigurðsson eftir því að kosið yrði ~~...~~ um starfsmenn í þessari byggingarnefnd og kom fram tillaga um, að endurkjósa þá og er því Marinó Sigurðsson áfram formaður og Kristján Stefánsson ritari og varaformaður var tilnefndur Eymundur Þórarinsson Sandá. Til fundar var einnig mættur Ingvar Gýgjar byggingafulltrúi

Að því búnu var fram haldið umræðu um umsókn Hjálmars. Um er að ræða breikkun ~~austu~~ eldri hlöðunnar og setja þak yfir báðar, í framhaldi norðuraf nýju hlöðunni.
Fyrir fundinum lá teikning nr. 30-5116, og var hún samþykkt með þeirri breytingu að velgengar dyr á norðurstafni yrðu færðar vestar og koma þar þá á miðja viðbygginguna. Umsóknin var samþykkt og byggingaleyfi veitt, með þeim fyrirvara að teikningar verði samþykktar af eldvarnareftirliti.

Næst var fyrir tekin umsókn frá Friðrik R. Friðrikssyni, f.h. Dóms- og Kirkjumálaráðuneytis, um leyfi til að klæða utan og endurnýja þak á íbúðarhúsi á jörðinni Mælifelli Lýtingsstaðhr.
Meðfylgjandi var teikning af þakbrún er sýnir snið og verktilhögun.
Var leyfið veitt og teikningin samþ.

Næst var fjallað um vegagerð, að íb.h. í Sölvanesi og af Skagafjarðarvegi að Hlíðarrétt við Bjarnastaðahlíð.
Verk þessi hafa þegar verið unnin
Fyrir lá umsókn um samþykkt á veginum að Hlíðarrétt og hefur byggingarnefnd ekkert við hana að athuga, enda um þessi mál rætt áður á fundi; þessar framkvæmdir samþykktar í skipulags og byggingarnefnd.

Þá kom til umræðu umsókn frá Sigurði Friðrikssyni, um leyfi til að breyta gluggastærð á norðurhlið útihúsa-hússins í Laugarhvammslandi og var sú breyting samþykkt.

Til umræðu kom bygging refahúss á Reykjaborg, sem samþykkt var 9/6 '86.
Þann 30/6 '86 mættu þar á staðinn Gunnar M. Jónasson, Magnús Sigurðsson, Ingvar G. Jónsson, Ragnar Svemsson og Björn Ólafsson er gerðu mælingu á vatnshæð Svartár og umhverfi hússins.
Var krafa gerð um að hækka gólfhæð hússins og setja varnargarð austan þess.

Húsbyggjandinn Ragnar Sveinsson
hvaðst taka á sig alla áhættu og
ábyrgð á tjóni sem kynni að
hljótast af vatnsflóðum ~~við~~ á
byggingu þessa, með tilliti til
ákvörðunar um gólfhæð hússins.
Gengið verður frá skriflegri yfirlýsingu
varðandi þetta atriði.

Byggingafulltrúa og byggingarnefnd
Hvítingsstaðahrepps hefur borist eftirf.
bréf.

Skrifst. Hvítingsstaðahr.
05.10.'86

Hreppsnefnd Hvítingsstaðahrepps
hefur borist bréf dags. 04-10-'86, undirritað
af Klöru Jónsdóttur og Sigurði Friðrikssyni
Lækjarbakka 13. þar sem krafist er skýringa
á texta í fundargerð byggingarnefndar
Hvítingsstaðahrepps dags. 01.10.'86
Bréf þetta er hér með sent til byggingar-
nefndar og byggingafulltrúa og þess óskað
að þeir sendi skýringu á umræddri

bókun frá fundi sínum hinn 01.10.'86
Virðingarfyllst
f.h. hreppsnefndar
Hvítingsst.hr.
Sigurður Sigurðsson

Efni bréfs þessa var rætt ítarlega.
Byggingarnefnd ákvað að fela form.
Marinó Sigurðssyni og Ingvari G. Jónssyni
að svara framanrituðu bréfi.

Fleyra ekki fyrir tekið
fundi slitið
Kristján Stefánsson
fundarritari
Ögmundur Þórarinsson
Kjartan Björnsson.
Sigurður Sigurðsson
Marinó Sigurðsson

Þriðjudaginn 24. júní 1987 var haldinn fundur í Bygginganefnd Lýtingsstaðahrepps. Mættir voru Ingvar Gýgjar, bygg.fltr. Marinó Sigurðsson form. bygginganefndar, Kjartan á Krithóli, Sigurður Sigurðsson oddviti og Elín Sigurðar var áheyrnarfulltrúi. Fjarverandi voru Eymundur og Kristján.

Formaður bygg.n. setti fundinn.

1. Fyrsta mál er tekið var fyrir var erindi Guðsteins Guðjónssonar, Tunguhálsi I, varðandi byggingu loðdýrahúss. Er húsið 12,3 x 40,5 m og byggingarteikning hönnuð af Magnúsi Sigsteinssyni. Fyrir nokkru höfðu byggingafulltrúi, formaður bygginganefndar og heilbrigðisfulltrúi farið á staðinn litið á aðstæður og samþykkt fyrirhugaða staðsetningu austur af eldra íbúðarhúsinu. Var byggingaleyfi þetta veitt, enda liggja öll tilskilin gögn fyrir.

2. Næst var tekin fyrir beiðni Sigurðar Sigurðssonar í Heiðsdal um byggingaleyfi til að reisa loðdýrahús 749,7 m², teiknað af Magnúsi Sigsteinssyni. Byggingafulltrúi og heilbrigðisfulltrúi höfðu farið og litið á aðstæður. Hagar þannig til að um 2 staðsetningarmöguleika er að ræða, annað hvort í nánd við áður byggð fjárhús og þá hagt um raf og vatnslögn eða á mel milli íbúðarhúss Sigurðar og Laugardals. Hefur heilbrigðisfulltrúi engar athugasemdir við hvorugan þessara möguleika. Bygginganefnd ákvað að veita umbeðið byggingaleyfi og mæla heldur með staðsetningu nær fjárhúsum en hefur þó ekki athugasemdir við staðsetningu á áðurnefndum mel svo fremi að fullnægt sé skilyrðum um fjarlægð frá Laugardal skv. bréf heilbrigðisfulltrúa

Öll tilskilin gögn liggja fyrir, auk uppáskrifta húsasmíðameistara og múrara.

3. Næst var tekin fyrir beiðni Ragnars Sverrissonar í Hyrnu um leyfi til að færa ~~bygginguna~~ staðsetningu áður samþykkts aðstöðuhúss nokkuð til austurs þ.e. nær því loðdýrahúsi sem búið er að byggja. Einnig sækir hann um byggingaleyfi fyrir þessu aðstöðuhúsi sem er 224,2 m². Teikningar lágu fyrir frá B.L. nr. 87-5266. Áður hafði bygginganefnd á óformlegum fundi veitt leyfi til að hefja framkvæmdir. Teikningar voru samþykktar og byggingaleyfi veitt.

4. Þá var tekið fyrir erindi Axels Gíslasonar í Miðdal þar sem hann fer fram á að fá að breyta fjárhúsum og hlöðu í Ytri Svartárdal í minkahús og byggja aðstöðuhús við enda fjárhúsanna. Er viðbygging þessi 2.50 x 14.70 m. Teikningar og tilskilin gögn lágu fyrir ásamt uppáskrift húsasmíðameistara. Var því teikning samþykkt og byggingarleyfi veitt. Einnig var áðurnefnd búháttarbreyting samþykkt.

5. Næst var tekin fyrir beiðni Indriða Stefánssonar á Álfgeirsvöllum um leyfi til að byggja íbúðarhús þar. Er fyrirhugað hús 170 m², hannað og teiknað af Friðrik Rúnar Friðrikssyni. Teikningar, afstöðumynd og uppáskriftir meistara lágu fyrir. Staðsetning og teikningar voru samþykktar og byggingarleyfi veitt.

6. Þá var tekin fyrir beiðni Margeirs Björnssonar

á Syðri Mælifellsá um leyfi til byggingar geymsluhúss fyrir varahluti. Teikningar frá B.L. nr. 60-4389 lágu fyrir. Er húsið 182 m². Afstöðumynd vantar en er væntanleg. Staðsetning er ca 500 m suð vestur af íbúðarhúsi. Burðarþolsteikningar frá B.L. lágu fyrir. Teikningar voru samþykktar og byggingaleyfi veitt.

7. Næst var tekin fyrir beiðni Guðmundar Helgasonar í Ásnesi um leyfi til að setja íbúðarkjallara í eldri fjárhús. Fyrir lágu deiliteikningar frá B.L. Umsóknin var samþykkt og leyfi til framkvæmda veitt.

8. Þá var tekin fyrir umsókn Finnboga Stefánssonar á Þorsteinssonar um leyfi til að byggja leitarmannahús á Þorljótsstöðum. Er það 24 m². Fullnaðarteikning er í vinnslu. Var beiðni þessi samþykkt og byggingarleyfi veitt.

9. Þessu næst skýrði Ingvar Gýgjar frá því að nú væri verið að vinna fyrir ljósleiðarastreng Pósts og Síma frá Sauðárkróki að Varmahlíð og svo fram hluta Lýtingsstaðahrepps og yfir að [illegible]. Fundur hafði verið haldinn í Varmahlíð með byggingarfulltrúa og fulltrúum bygginga og skipulagsnefnda og sveitarstjórna sl. viku. ~~landeigendum þeim er strengurinn fer í gegnum með landi~~ hjá.) Á þeim fundi hafði komið fram að ef óhapp verði streng þennan er rekja má til umferðar eða aðgerða landeigenda eru þeir bótaskyldir gagnvart viðgerðum, en slík viðgerð gæti kostað 3.500.000 kr. Ræddi bygginganefnd þetta mál. Upplýsti byggingafulltrúi að hann hefði sent Félagsmálaráðuneytinu c/o Hallgrími Dalberg bréf með fyrirspurn hvort Póstur, Sími og Rafmagnsveitur ríkisins

þyrftu ekki samþykki skipulagsnefnda (sveitarstjórna) á staðsetningum jarð- og loftlínulagna. Enn hafði ekki borist svar við bréfi þessu.

Bréf hafði borist til bygginganefndar frá Jóhanni Svavarssyni rafveitustjóra á Sauðárkróki þar sem hann greinir frá framkvæmdum Rarik nú í sumar við að leggja 3ja fasa raflínu frá aðveitustöð ofan við Varmahlíð til suðurs og niður hjá Krithólsgerði á aðallínu þar og falast hann eftir samþykki bygginganefndar við þessari framkvæmd. Bygginganefnd samþykkir þetta fyrir sitt leyti að því tilskyldu að fyrir liggi skriflegt samþykki viðkomandi landeigenda.

Fundargerð var upp lesin. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Elín Sigurðardóttir
Sigurður Sigurðsson
Kjartan Björnsson
Ingvar Gýgjar Jónsson
Marinó Sigurðsson

1. fundur '88

Fimmtudaginn 3. mars 1988 var
haldinn fundur í byggingarnefnd
Lýtingsstaðahrepps, mættir voru Ingvar
Gýgjar, Guðrún Sverrisdóttir, Marinó Sigurðsson
Friðrik R. Friðriksson, Kjartan Björnsson og
Eymundur Þórarinsson.
Formaður setti fundinn og ~~gengið~~
tekið fyrir 1. mál. Um byggingu
hestaskýli í Brekkukoti hjá Birni
Sveinssyni Varmalæk fyrir liggur
teikningar af húsinu, gerðar af
Friðriki R. Friðrikssyni tæknifr.
Umsóknin samþykkt.

2. Umsókn frá foreldra og kennarafélag
Steinsstaðaskóla. Leiktæki!
Umsókn afgreidd þannig, þar sem
að foreldra- og kennarafélag sækir um
leyfið þarf að leggja fram samþykki
lóðarhafa eða lóðareiganda, ~~að öðrum
kosti~~ Byggingarnefnd bendir á að réttara
væri að lóðarhafi sæki um mannvirkið.
Væntanleg staðsetning er á sólvellinum
vestan innkeyrslu og norðan Ásgarðs
og samþykkir byggingarnefnd staðsetningu

3. Umsókn frá Magnúsi Óskarssyni um
Fjölnotahús og breytingu á gömlu íbúðarhúsi
Breytingin á gamla húsinu er að brjóta niður
reykháf og steyptar sperrur og skipta um
þakjárn og setja í staðinn á innbrent járn
Breytingin er samþykkt
Umsókn um byggingu fjölnotahús vestan
við fjárhúshlöðu teikning gerð af Hirði B
Ingasyni. Byggingin samþykkt.

4. Umsókn um breytingu á iðnaðarhúsi
hjá Sigurði Friðrikssyni Bakkaflöt.
Breytingin er breytt útlit og breyting
á ~~nokkrum~~ hluta iðnaðarhúsi ~~fyrir~~
ferðamannaþjónustu samkv. fyrirliggjandi
teikningu gerða af Friðriki R. Friðrikssyni
og burðarþol af Braga Þór Haraldssyni
Umsóknin samþykkt með fyrirvara
heilbrigðis og eldvarnaeftirlits
5. Umsókn frá Jóni H. Arnljótssyni um
byggingu fjárhús og hlöðu.
Umsóknin samþykkt með fyrirvara um
að teikningum verði skilað inn til
byggingarnefndar

6. Umsókn frá Helga Þórðard. um
breytingu á fjárhúsi í minkahús
Fyrir liggur samþykki heilbrigðisfulltrúa
og leyfi til loðdýraræktar frá
Landbúnaðarráðuneyti. Byggingarnefnd
samþykkir umsóknina með fyrir-
vara um að fjarlægð frá minkahúsi
að húsum Ytri-Mælifellsá sé ekki minni
en 500 m, sé fjarlægð innan við 500 m
þarf samþykki eiganda og ábúenda
Ytri-Mælifellsá.

7. Bréf frá Vegagerð ríkisins Sauðárkróki
um framkvæmd á bílastæði við
Goðdalakirkju fyrir liggur grunnmynd
af svæðinu, sem er hér með samþykkt

8. Umsókn frá Kjartani Björnssyni
um breytingu á fjárhúsi í hesthúsi
fyrir 20 hesta umsóknin samþykkt.
Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið

Marinó Sigurðsson
Ingvar Gýgjar Jónsson
Eymundur Þórarinsson
Guðrún Sverrisdóttir
Kjartan Björnsson
Friðrik R. Friðriksson

2. fundur. 1988

Þriðjudaginn 10. maí voru
mættir á Borgarfelli samkvæmt
umtali og með samþykki bygginga-
nefndar Lýtingsstaðahrepps Ingvar
Gýgjar og Kristján Stefánsson.
Erindið var að staðsetja sumarhús
eða afslöppunarhús, samkvæmt umsókn
Eysteins Sigurðssonar, um byggingarleyfi
þess. Umsókninni fylgir teikning
af 56.4 m2 afslöppunarhúsi samþykkt
af Eldvarnaeftirliti og bygginganefnd
Lýtingsstaðahrepps (munnlegt samkv. símtali)
Staðsetning var ákveðin um 20 m
norðaustur frá gamla íbúðarhúsinu
og hælar settir niður í horn grunnflatar

Kristján Stefánsson

Ingvar Gýgjar Jónsson
Friðrik Friðriksson
Kjartan Björnsson
Marinó Sigurðsson

3 fundur 1988

Miðvikudaginn 10 Ágúst voru mættir í Steinsstöðum Ingvar Gígjar, Marinó Sigurðsson Kjartan Björnsson Sigurður Friðriksson og Friðrik Friðriksson.
Fyrir fundinn kom umsókn frá Ólafi Björnssyni Kirkjuhóli um sölustofu.
Umsókn frá Kjartani Björnssyni Kirkjuhóli um vélageymslu.
Umsókn frá Ólafi samþykkt athugasemdalaust.
Umsókn frá Kjartani samþykkt með fyrirvara um afstöðumynd ábúðarfélagsins og samþykki eldvarnareftirlits.

Næst var tekið fyrir mál Jóns Arnljótssonar en engin gögn hafa borist frá honum en byggingarnefnd er ljóst að búið er að steypa grunnveggi að hlöðu 7.4 x 24 m og reisa timburgrind 3.8 m ofan á grunn einnig er ljóst að sperrur eru komnar upp. Þar sem búið var ~~og~~ að gera Jóni ljóst bæði bréflega og munnlega að honum væri óheimilt að hefja framkvæmdir fyrr en komnar væru fullnægjandi teikningar og meistarauppáskrift

ásamt byggingarleyfi ákvað byggingarnefnd eftirfarandi.

Framkvæmdir verði stöðvaðar þegar í stað og ekki hafnar aftur fyrr en öll gögn liggja fyrir ásamt byggingarleyfi.

Fundi slitið

Friðrik Friðriksson
Kjartan Björnsson
Marinó Sigurðsson
Ingvar Gígjar Jónsson
Sigurður Friðriksson

Föstudaginn 19. mai 1989

Fyrsti fundur byggingarnefndar 1989 Lýtingsstaðahrepps settur og haldinn í Steinsstöðum Árgarði kl. 2 eftir hádegi. Til fundar voru mættir eftirtaldir Ingvar Gígjar byggingafl.tr. ~~[illegible]~~ Sveinn Guðmundss heilbrigðisfulltrúi Björn Sverrisson frá Brunavörnum og byggingarnefndarmenn Marinó Sig Eymundur Þórarinsson Friðrik Rúnar Kjartan Björnsson ~~[illegible]~~ Kristján Stefánsson og Elín Sigurðardóttir

Fyrsta mál fyrir tekið, hesthúsbygging Guðbjörns Guðjónssonar, umsókn um byggingaleyfi og meðfylgjandi gögn athugað og samþykkt, leyfið veitt

Áður framlögð umsókn Rósmundar á ~~Hóli~~ Hóli samþykkt, en hún hljóðar uppá ~~a~~ leyfi til að einangra og klæða utan íbúðarhúsið þar, sem og einangra loftplötu, klæðningin úr stáli

Næst fyrir tekin umsókn frá Pétri Sigmundssyni Vindheimum um leyfi til að byggja vélageymslu þar á jörðinni. Umsókninni fylgir teikning af 294 m² stálgrindahúsi umsókn og teikning samþykkt með fyrirvara um að afstöðuteikning liggi fyrir áður en framkvæmdir hefjast

Fjórða mál á dagskrá umsókn um byggingaleyfi minkaskála í Héraðsdal umsóknin frá Sigmundi Sigurðssyni rædd og samþykkt en um er að ræða fyrri áfanga byggingarinnar sem ~~í heild~~ í heild er 1653.5 m².

5. Umsókn um leyfi til byggingar sumarhúss á Bakkaflöt og er hún frá Sigurði Friðrikssyni. Leyfið veitt, meðfylgjandi gögn samþykkt með fyrirvara um samþykki Skipulags ríkisins.

6. Næst tekin fyrir umsókn um byggingaleyfi frá Jóni Arnljótssyni til að byggja hlöðu á Ytri Mælifellsá. Meðfylgjandi umsókninni er teikning af fyrirhugaðri byggingu en þessi bygging er í raun risin og var reist af heimamönnum síðast liðið sumar. Þar sem uppáskrift byggingameistara er engin til staðar fellst bygginganefnd á að Jón Arnljótsson sem eigandi hússins, taki á sig þá ábyrgð sem byggingameistari hefði annars gjört í þeim máli sem Jón getur verið ábyrgur fyrir

7. Umsókn frá Ingimar Jóhannssyni Suðurgötu 9. Sauðárkróki um leyfi til að reisa sumarhús í landi Langahvamms Leyfið veitt, meðfylgjandi gögn samþykkt með fyrirvara um samþykki

Skipulags ríkisins.

8. Umsókn um leyfi til að reisa afstöðuhús á Árnastöðum, og er frá Hjálmari Guðmundssyni. Konni var næst tekin fyrir og er sama niðurstaða síðustu afgreiðslu. Leyfið veitt og með fylgjandi gögn samþykkt ~~með fyrirvara um samþykki Skipulags ríkisins~~.

Þessu næst upptekið umræða um breytingu á stéttinni við Ásgarð Fyrirhugað er að leggja snjóbræðslurör í hana og rætt um að bjóta lag ofanaf henni til þessa og steypa lag yfir rörin. Engin ákvörðun tekin um þessa breytingu en byggingarnefnd gerir ekki athugasemdir við hana

Fleyra ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 16[00] Kristján Stefánsson ritari

Marinó Sigurðsson — Eymundur Þórarinsson
Kjartan Björnsson — Ingvar Grétar Jónsson
Björn Sverrisson — Friðrik R. Friðriksson
Sveinn H. Guðmundsson — Elín Sigurðardóttir

Fundur haldinn í byggingarnefnd Sýslumannsembættisins? [illegible] mánudaginn 2. okt 1989 mættir voru undirritaðir
Fyrsta mál fyrir tekið Gróðurhúsabygging Axel Gíslasonar í Miðdal umsókn móttekin og teikið eftir teikningum einnig óskar Axel eftir undanþágu ~~frá~~ vegna skipulagsuppdráttar þar sem gróðurhúsið á að rísa, nefndin samþykkir fyrir sitt leiti að veita undanþágu vegna skipulagsuppdráttar með fyrirvara um samþykki skipulags-ríkisins

Annað mál ~~xx~~ umsókn um byggingarleyfi frá Vindheimamelar s/f um stækkun á veitingahúsi á jörðinni Vindheimum byggingarnefndarteikning liggur fyrir og er samþykkt með fyrirvara um samþykki landeiganda, vinnueftirlits, skipulags-ríkisins þar sem afstöðuteikning hefur ekki borist. Nefndin beinir því til hönnuðar að hann geri glöggri grein fyrir aðgengi fatlaðra

þriðja mál er einnig frá Vindheima-
melum s/f þar sem sótt er um leyfi
fyrir stóðhestahúsi sem á að standa
norðan við eldra hesthúsið byggingarnefndar
teikning f. liggur fyrir og er samþykkt
með fyrirvara á samþykkt landeiganda
og skipulagsuppdrátt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið
kl. 4.e.h.

Eymundur Þórarinsson
Kjartan Björnsson
Sigurður Friðriksson
Ingvar Gunnar Jónsson
Marinó Sigurðsson

1. Fundur 1990

Fundur settur í byggingarnefnd Lýtingsstaða-
hrepps þriðjudaginn 2/3 jan 1990
mættir voru undirritaðir.
Fyrsta mál tekið fyrir, umsókn um
byggingarleyfi frá Sigurði Friðrikssyni
um byggingu sundlaugar rétt austan
við húsið Bakkaflöt, umsóknin samþykkt.
Annað mál, umsókn um byggingarleyfi
frá Eyjólfi Pálssyni um byggingu haughús
og kálfafjós við ~~[illegible]~~ eldra fjósið

umsóknin samþykkt.

þriðja mál umsókn um byggingarleyfi
frá Lýtingsstaðahreppi um byggingu
íbúðarhús á lóðinni Laufásbakka 3
Steinsstað byggðt, byggingarleyfi veitt
með fyrirvara um samþykki eldvarnaeftir-
lit. þar sem fulltrúi eldvarnaeftirlitsins
gat ekki mætt.

fjórða mál umsókn um byggingarleyfi
frá Marinó Sigurðssyni um að skipta
um glugga og klæða að utan og einangra
íbúðarhúsið á Álfgeirsvöllum
umsóknin samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið

Marinó Sigurðsson
Sigurður Friðriksson
Ingvar Gunnar Jónsson
Eymundur Þórarinsson
Friðrik Friðriksson

2. fundur 1990

Fundur settur í byggingarnefnd Lýtingsstaðahrepps þriðjudaginn 12 júní 1990 kl. 14. mættir voru Ingvar Gýgjar Jónsson, Marinó Sigurðsson og Guðrún Sverrisd. dagskrá fundarins! og Eymundur Þórarinsson

1. umsókn frá Þóreyju Litluhlíð
2. —"— frá Felix Sjávarlandi
3. —"— frá Vindheimamelum h/f
4. —"— frá Helgu Tittjörn
5. —"— frá Eymundi Saurbæ
6. Önnur mál

1. Umsókn frá Þóreyju Guðmundsd. Litlu-Hlíð um leyfi til að breyta þakkantinum setja á glugga á austurhlið og einangra og klæða húsið að utan, umsóknin samþykkt.

2. Umsókn frá Felix Antonssyni Sjávarlandi Sæti um leyfi til að byggja gróðurskála saman við íbúðarhús fyrir lá grunnmynd af gróðurskálanum í mælikvarða 1:50 en ekki getið um hönnuð. Nú bættust við tveir fundarmenn þeir Kjartan Björnsson og Friðrik R. Friðriksson

fundurinn leggur til að fyrir liggi betri teikningar en að öðru leyti er umsóknin samþykkt.

3. Umsókn frá Vindheimamelum h/f um leyfi til að byggja við snyrtiaðstöðu, sem er fyrir á Vindheimamelum í landi Vindheima.
Teikning gerð af Hallgrími Ingólfssyni
Byggingarefni steyptur grunnur timbur grind, klæðning spónaplötur
stærð $58{,}3\ m^2$ – $166{,}\ m^3$
umsóknin samþykkt.

4. Umsókn frá Helgu Steindórsd. Tittjörn um leyfi til að klæða íbúðarhúsið að utan og einangra umsóknin samþykkt.

5. Umsókn frá Eymundi Þórarinssyni Saurbæ um leyfi til að byggja haughús, kálfafjós og baggahlöðu Samkvæmt teikningu No 10-5652 B.L. samtals $672{,}2\ m^2$ $2904\ m^3$ Hannað af Birni H Jóhannessyni. Umsóknin var samþykkt með fyrirvara um að fullgera

afstöðuteikningu.

6. Önnur mál:

1. Ingvar kynnti dreifibréf frá ~~heilbrigðiseftirliti~~ heilbrigðisfulltrúa ~~dags~~ ~~og~~ Vesturlandi vestra dagsett 2/4 og 23/5 er varði sumarbúsetfrár, drykkjarvatn og önnur mál er varða Hollustuvernd og mengunarvarnareglugerð er ~~[illegible]~~ gekk í gildi sl. áramót.

2. Brú á Þvartá við vað hjá Samba Ingvar kynnti bréf frá félagsmálaráðuneyti, þar sem ~~[illegible]~~ fram niðurstaða ráðaneytisins um að allar brýr falli undir byggingarreglugerð, í bréfinu segir enn fremur ~~[illegible]~~ (Niðurstaða ráðaneytisins verður því sú að fallast verði á það með byggingarnefnd Miklaholtshrepps að væntanleg brú yfir Straumfjarðará falli að óbreyttum lögum undir verksvið byggingarnefndar og að 3. mgr. 1. gr. vegalaga nr. 6/1977 þar ~~segir~~ sem segir: Til vega teljast ennfremur brýr, ..., breyti þar engu um.

Úrskurðarorð:

Væntanleg brú yfir Straumfjarðará í Miklaholtshreppi, Snæfellsnessýslu er háð samþykki byggingarnefnd.) Umsókn kom frá Lýtingsstaðabúi um leyfi til að byggja brú á Þvartá hjá Samba (Sambagjáivað.) bygging hafin og teikning væntanleg. umsókn samþykkt með fyrirv-

3. Ingvar kynnti bréf frá framkvæmdastjóra ferlimála á vegum félagsmálaráðaneytisins, þar sem hann verður á ferðinni í Skagafirði og Siglufirði í júní kemur til að skoða opinbera byggingar á svæðinu.

4. Umsókn frá Kristjáni Kristjánssyni Lækjarbakka um leyfi til að klæða íbúðarhúsið að utan og einangrað umsóknin samþykkt.

5. H.J. gefur tilefni vill fundurinn benda því til Rafveitna ríksins að þær hafi fullt samráð við skipulagsnefnd um breytingar á legu raflína og uppsettningu nýjum raflínum hvað staðval ~~[illegible]~~ varðar.

Fundi slitið kl. 4.35

Marinó Sigurðsson Eymundur Þórarinsson
Guðrún Sverrisd. Ingvar Gígjar Jónsson
Friðrik R. Friðriksson

## 3. Fundur 1990

Miðvikudaginn 20 júní 1990 var settur fundur í byggingarnefnd Lýtingsstaðahrepps mættir voru Marinó Sigurðsson, Guðrún Sverrisd, Elín Sigurðard, Eymundur Þórarinsson Ingvar G. Jónsson Sigmundur Magnússon og Jóhann Svavarsson. dagskrá fundarins

I. Umsókn frá Rarik um línubyggingu að Vindheimamelum
II Umsókn frá Rarik um að breyta raflínu að Vindheimunum og Stokkhólma
III Umsókn frá Sveini Guðmundssyni Lýtingsstöðum um viðbyggingu við íbúðarhús.
IV Umsókn frá Vindheimamelum s/f um breytingu á Veitingaskála.

I. Umsókn frá Rarik um línubyggingu að Vindheimamelum um leyfi til að byggja þ.v. raflínu til tengingar mótsvæðis Vindheimamelum. ~~[illegible]~~ Línan kemur að mestu í landi Daufár samkv. meðf. korti og er hún staðsett í samráði við landeigendur, þegar hér er komið kom Rúnar Friðriksson á fundinn Umsóknin samþykkt

II Umsókn frá Rarik um leyfi til að breyta raflínu T.V. að Vindheimum og Stokkhólma. samkv. korti. Línan er að mestu í landi Vindheima og verður áfram en færist til norðurs og lendir að hluta í landi Saurbæjar, nokkur umræða varð um málið og niðurstaðan var sú að fresta framkvæmdum og skoða aðra möguleika svo sem línu frá Syðra-Vallholti

III Umsókn frá Sveini Guðmundssyni Lýtingsstöðum um leyfi til að byggja við íbúðarhúsið (anddyri og geymsla) umsóknin samþykkt og byggingarleyfi veitt

IV Umsókn frá Vindheimamelum s.f. um leyfi til að breyta veitingaskála á Vindheimamelum. Umsóknin samþykkt

V Umsókn frá Lýtingsstaðahreppi um leyfi til að endurnýja þakrennur og framlengja þak fram yfir steyptar rennurnar á Steinsstaðaskóla ~~umsó~~ Óska er eftir teikningu af umræddu verkefni.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið

Marinó Sigurðss. Rögnvaldur Þórarinsson
Friðrik M. Friðriksson
Guðrún Sverrisdóttir
Elín Sigurðardóttir
Ingvar Gýgjar Jónsson